

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/54

2016/EES/44/25

frá 19. janúar 2016

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu gamma-glútamýlvalýlglysins á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Hinn 21. mars 2013 var lögð fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um leyfi fyrir notkun á gamma-glútamýlvalýlglysíni [FL-númer: 17.038] sem bragðefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var tilkynnt um umsóknina og óskað eftir áliti hennar. Umsóknin var einnig gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á öryggi gamma-glútamýlvalýlglysins [FL-númer: 17.038] þegar það er notað sem bragðefni ⁽⁴⁾ og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess teldist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn sem bragðefni.
- 6) Skrá Sambandsins, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1334/2008, er eingöngu ætluð til að setja reglur um notkun bragðefna sem er bætt við matvæli til að gefa eða breyta ilmi og/eða bragði. Efni [FL-númer: 17.038] má einnig bæta við matvæli í öðrum tilgangi en sem bragðefni og um slíka notkun gilda áfram aðrar reglur. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um notkunarskilyrði sem varða eingöngu notkun á [FL-númer: 17.038] sem bragðefni.
- 7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(4), 3625.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta 2. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 bætist eftirfarandi færsla varðandi [FL-númer: 17.038] við í lok töflunnar:

17.038	gamma-glútamylvalýl-glýsín	338837-70-6	2123	Minna en 0,7% 5-oxó-L-próýl-L-valýlglysín og L-alfa-glútamýl-L-valýlglysín, minna en 2,0% L-gamma-glýtamýl-L-valýl-L-valýlglysín, tölúen ekki greinanlegt (greiningarmörk 10 mg/kg)	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: í flokki 1 – hámark 50 mg/kg í 2. og 5. flokki – hámark 60 mg/kg í flokki 6.3, morgunkorn, – hámark 160 mg/kg í flokki 7.2 – hámark 60 mg/kg í flokki 8 – hámark 45 mg/kg í flokki 12 – hámark 160 mg/kg í flokki 14.1 – hámark 15 mg/kg í flokki 15 – hámark 160 mg/kg	EFSA